

Starfsáætlun skólaráðs fyrir skólaárið 2022-2023

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar (hluti 8. greinar laga um grunnskóla (2008)).

Mánuður	Verkefni	Fundartími
Október	Kynning á nýjum fulltrúum. Fyrirkomulag fundaritunar og fundartímar fyrir skólaárið kynntir sem og starfsáætlun skólaráðs. Farið yfir helstu framkvæmdir og breytingar frá síðasta ári.	Fim – 6. október kl. 8:15 <i>Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu innan 10 daga eftir hvern fund</i>
Nóvember	Niðurstöður úr lesskimun Niðurstöður úr Nemendakönnun Víkurskóla	mið – 9. nóv kl. 8:15
Desember	Jólafundur 😊 Starfsáætlun Víkurskóla	þri - 6. des kl. 8:15
Janúar	Fjárhagsstaða skólans við upphaf árs. Rekstraráætlun (ef fyrirbyggjandi frá Skóla- og frístundasviði) Rekstrarniðurstaða síðasta árs	Fim – 12. janúar kl. 8:15
Febrúar	Niðurstöður starfsmannakönnunar Reykjavíkurborgar ef þær liggja fyrir Undirbúningur að skipulagi næsta skólaárs. Skóladagatal 2023-2024	Mán - 13. febrúar kl. 8:15
Mars	Skipulag næsta skólaárs Framkvæmdir fram undan	Mið - 8. mars kl. 8:15
Maí	Skipulag vordaga og skólaloka.	Fös 5. maí kl. 8:15
Júní	Lokafundur skólaráðs	Mán - 5. júní kl. 8:15

Á öllum fundum Skólaráðs eru rædd þau mál sem upp kunna að koma á skólaárinu og aðkoma Skólaráðs þykir nauðsynleg.